

## Documentation:

### Tilgangur

Að lýsa flutningi sjúklings milli heilbrigðisstofnana, samskiptum og móttöku sjúklings sem þarfnast sérfræðiþjónustu á annarri heilbrigðisstofnun eða hefur lokið bráðameðferð og er tilbúinn til útskriftar á aðra heilbrigðisstofnun. Þetta verklag gildir til dæmis þegar sjúklingur er fluttur milli heilbrigðisstofnanir annarra en Landspítala en gildir einnig þegar sjúklingur er fluttur á aðra heilbrigðisstofnun frá Landspítala eftir að bráðameðferð lýkur. Þetta verklag á ekki við um flutning sjúklings frá hjúkrunarheimili. Verklagið var unnið að beiðni embættis landlæknis, í samvinnu Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri.

#### Annað verklag gildir fyrir:

- Flutningur sjúklings á Landspítala frá annarri heilbrigðisstofnun
- Undirbúningur fyrir útskrift og flutningur sjúklings í endurhæfingu á Eir

#### Sérstakt verkag gildir um eftirfarandi sjúkraflutninga:

- [Verklagsleiðbeiningar um flutning þungaðra kvenna með sjúkraflugi](#)
- [Sjúkraflutningar nýbura á Íslandi](#)

### Hver framkvæmir og hvenær

Læknir og hjúkrunarfræðingur eins og lýst er í framkvæmd. Vaktstjóri hjúkrunar og innlagnastjórar geta haft milligöngu um flutning sjúklunga milli stofnana að fengnu samþykki frá lækni sem mun taka við sjúklingi.

### Framkvæmd

#### Almennt gildir um flutning sjúklunga milli heilbrigðisstofnana (mynd til skýringar neðst í skjali):

Læknir sem þarf á ráðgjöf að halda vegna sjúklings hefur samband við viðeigandi heilbrigðisstofnun áður en flutningur sjúklings á sér stað. Ráðgjöf varðandi alla bráðapjónustu er hjá fjarskiptalækni á dagvinnutíma kl. 08:00-16:00 í síma: **543 2112**.

#### Samþykki fyrir flutningi

Tryggja þarf samþykki fyrir flutningi sjúklings á aðra heilbrigðisstofnun áður en flutningur er hafinn. Aldrei má senda sjúkling milli heilbrigðisstofnana án samráðs við viðkomandi heilbrigðisstofnun.

- Læknir sjúklings tryggir að samráð og samþykki hafi átt sér stað við ráðgefandi eða ábyrgan lækni á þeirri heilbrigðisstofnun sem stendur til að flytja sjúkling á.
- Læknir sjúklings skráir samskipti og ákvörðun um flutning í sjúkraskrá sjúklings. Tiltaka þarf ábyrgan lækni sem tekur við sjúklingi.
- Ábyrgur læknir sjúklings telst ábyrgur þar til sjúklingur er innritaður á aðra heilbrigðisstofnun.

## Skipulag flutnings

- Læknir sjúklings á heilbrigðisstofnun er ábyrgur fyrir flutningi sjúklings á aðra heilbrigðisstofnun.
- Þegar niðurstaða samtals læknis sjúklings og læknis á þeirri heilbrigðisstofnun sem til stendur að flytja sjúkling á, er að flutningur sjúklings sé læknisfræðilega nauðsynlegur eða að meðferð er lokið þá þarf að ákveða forgang flutnings:
  - Tafarlaust
  - Innan sólarhrings (24 klukkustunda)
  - Innan þriggja sólarhringa (72 klukkustunda)
  - Innan viku (7 daga)
- Læknir eða hjúkrunarfræðingur sjúklings sér um að panta sjúkraflutning hjá Neyðarlínu (112):
  - [Sjúkrabíll - pöntun á flutningi](#)
  - [Sjúkraflug eða áætlunarflug - undirbúningur Landspítali](#)
  - [Notkun á sjúkraflugvél og pöntun á sjúkraflugi á heimasíðu sjukraflug.is](#)
- Læknir tryggir að læknabréf og núverandi lyfjalisti fylgi með sjúklingi og skipuleggur flutning í samráði við flutningsteymi.
- Hjúkrunarfræðingur sendir hjúkrunarbréf með sjúklingi.

## Samskipti og upplýsingagjöf milli heilbrigðisstofnana við flutning

- Alltaf þarf að fá samþykki ráðgefandi læknis fyrir flutningi sjúklings á aðra heilbrigðisstofnun.
  - Læknir sem samþykkir móttöku sjúklings skráir niðurstöður samráðs í eyðublaðið „Ráðgjöf“ í sjúkraskrá sjúklings:
    - Ábyrga sérgrein
    - Forgang flutnings
    - Ástæðu flutnings
    - Álit og áætlun
  - Læknir sem samþykkir móttöku sjúklings skipuleggur komu sjúklings í samvinnu við vaktstjóra hjúkrunar og upplýsir vaktstjóra hjúkrunar á komudeild sjúklings um:
    - Kennitölu sjúklings
    - Væntanlegan komutíma
    - Hvaðan sjúklingur kemur
    - Innlagnarástæðu og helstu vandamál
  - Vaktstjóri hjúkrunar sem tekur á móti sjúklingi tryggir að hjúkrunarupplýsingar berist með sjúklingi. Getur verið símleiðis eða með hjúkrunarbréfi.
  - Við innritun sjúklings á aðra heilbrigðisstofnun tekur sérfræðilæknir þeirrar stofnunar við ábyrgð sjúklings.

## Recent changes and comments:

Ný útgáfa þar sem klausa um sérstakt verklag fyrir nýbura og þungaðar konur var færð ofar í gæðaskjalið.

/10.06.2025//HG

## Information about the document

<b>Title:</b>	<b>Document type:</b>	<b>Publication date:</b>	<b>Version number:</b>
Flutningur sjúklings milli heilbrig...	VIN-4382	27.04.2026	6
<b>TOC:</b>	<b>Process:</b>	<b>Sub process:</b>	<b>Sub sub process:</b>
Ferli sjúklings	Allar deildir	Flutningur sjúklings og sjúkraflug	
<b>Law:</b>	<b>Revision every:</b>		
	36 Months		
<b>Division:</b>	<b>Department:</b>	<b>Published by:</b>	
Flæði sjúklinga	Flæðisdeild	Margrét Sjöfn Torp	
<b>Editor:</b>	<b>Responsible:</b>		
Hildur Helgadóttir, Margrét Tómas Þór Ágústsson, Guðjónsdóttir, Ásthildur Guðjohnsen, Vicente Sanchez-Brunete Ingelmo	Ólafur Guðbjörn Skúlason		